

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 13. nóvember 2009
Tilvísun: UST20091000109/6aj

Þorskeldi Álfsfells ehf., allt að 900 tonn á ári, í Skutulsfirði, Norður Ísafjarðarsýslu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Framkvæmdalýsing

Í kynningarskýrslu vegna þorskeldis Álfsfells ehf. segir að framkvæmdaraðili hafi verið með innan við 200 tonna þorskeldis framleiðslu í sjókvíum í Skutulsfirði frá því árið 2002 en íhugar nú að stækka framleiðsluna í 900 tonn. Um sé að ræða áframeldi á villtum þorski sem veiddur var í Aðalvík og í Ísafjarðardjúpi.

Umhverfisáhrif

Óhjákvæmlegt er að uppsöfnun lífræns efnis verði í botnseti vegna fiskeldis. Margt bendir til þess að einhver uppsöfnun næringarefna sé við núverandi kvíar í Skutulsfirði og þá sér í lagi næst kvíunum. Litur botngerðar var svartleitur og nokkur lykt var af sýnunum sem bendir til súrefnisleysis. Eins þá gefa niðurstöður botndýrarannsókna á svæðinu það til kynna að breyting sé á lífríkinu hjá kvíunum samanborið við viðmiðunarstöð. Ljóst þykir að með aukinni ársframleiðslu þá muni álag á botndýralíf við kvíarnar aukast. Athuganir Náttúrustofu Vestfjarða sýna að botninn næst kvíunum þolir meira álag en hins vegar er ekkert vitað hversu lengi né hversu mikið álag botndýralífið þolir. Ekki kemur fram hvaða áhrif aukið fiskeldi og þar með aukin uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni muni hafa á annað dýralíf á svæðinu og hvaða keðjuverkun breyting á botndýralífi getur haft í för með sér í vistkerfi svæðisins. Eins þá hafa engar athuganir eða útreikningar verið gerðir á því hversu lengi þurfi að hvíla svæði í kjölfar álagstíma.

Umhverfisstofnun bendir á að önnur Norðurlönd hafi sett á strangar umhverfisreglur og m.a. hafi fiskeldisstöðvum verið sett ákveðinn viðmiðunarmörk fyrir magni næringarefna sem má losa út í umhverfið. Umhverfisstofnun bendir einnig á fjölmargar skýrslur sem hafa verið gefnar út t.a.m. af Matvæla- og Landbúnaðarstofnun Sameinuðu Þjóðanna, FAO þar sem lögð er áhersla á minnkuð umhverfisáhrif af fiskeldum og hvernig byggja megi upp sjálfbæra framleiðslu á eldisfiski. Sem dæmi má nefna skýrslu er kom út árið 2008 "*Assessment and Communication of Environmental Risks in Coastal Aquaculture*". Stofnunin bendir einnig á viðmiðunarskýrsluna "*Beste tilgjengelige teknikker (BAT) for fiskeoppdrett i Norden*" frá því 2005.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við það að í kynningarskýrslu vegna þorskeldis Álfsfells komi fram að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki samkvæmt reglugerð nr. 798/1999. Sú reglugerð á aðeins við um fráveitur og skólþ og skilgreining viðtaka þarf samkvæmt 20. grein fyrrnefndar reglugerðar að vera send til Umhverfisstofnunar af viðkomandi sveitarfélagi til staðfestingar til þess að skilgreiningin öðlist vægi. Því liggur ekki fyrir staðfesting á því að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að nálægt núverandi þorskeldiskvíum sé þröskuldur á sjávarbotni sem dýpki töluvert og gæti það því gert svæðið að óheppilegu svæði fyrir þorskeldi. Að sama skapi þá sýna mælingar að straumhraði sé ekki mikill á því svæði sem kvíunum hefur verið valinn staður, eða um 0-10 cm/sek, bæði á útfalli og aðfalli þrátt fyrir að mælt hafi verið á tímabili stórstraums skv. kynningarskýrslu vegna þorskeldis Álfsfells. Flestar mælingar falla innan 0-5 cm/sek en samkvæmt aðferðum við staðarval fiskeldis er miðað við að straumur sé a.m.k 5 cm/sek. Í þessu tilliti bendir Umhverfisstofnun einnig á hugsanlega hættu rekíss sem gæti leitað inn fjörðinn úr meiri straum í minni straum og gæti hugsanlega orðið vandamál við fiskeldissvæðið.

Einnig gerir Umhverfisstofnun athugasemd vegna starfsleyfis framkvæmdaraðila en fram kemur að ársframleiðsla fyrir árið 2007 hafi verið 250 tonn og fyrir árið 2008 hafi hún verið um 560 tonn. Bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdaraðilinn Álfsfell hefur ekki starfsleyfi fyrir þeirri aukningu í framleiðslu.

Einnig þarf að hafa í huga að þorskeldi Álfsfells er ekki eina fiskeldið á þessu svæði og liggja kvíar Glaðs ehf. sem er með 200 tonna starfsleyfi, rétt um 200 metrum utan við kvíar Álfsfells. Umhverfisstofnun telur með skírskotun til norrænna viðmiða að ekki sé æskilegt að fiskeldi liggi svo nálægt hvert öðru.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að það sé hagur framkvæmdaraðila að upplýsingar liggi fyrir um þolmörk svæðisins og hvaða umhverfisáhrif aukið þorskeldi hafi í för með sér. Í ljósi þess að rannsóknir og upplýsingar um umhverfisáhrif vegna aukningar á ársframleiðslu í 900 tonn skortir og að óvissa ríki um þolmörk svæðisins og keðjuverkandi áhrif á lífríki svæðisins, telur Umhverfisstofnun að líkur séu á að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri